



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Harpa Grímsdóttir

Byggingarár húsa á Ísafirði

**VÍ-G99014-ÚR08
Reykjavík
Júlí 1999**

Efnisyfirlit

TILGANGUR VERKEFNIS	2
FRAMKVÆMD VERKEFNIS.....	2
ÁGRIP AF SÖGU EYRARHREPPS OG ÍSAFJARÐAR FRAM TIL ÁRSINS 1945	2
EYRARHREPPUR	2
ÍSAFJARÐARKAUPSTAÐUR	4
<i>Verslun og kaupstaðarréttindi</i>	4
<i>Sjávarútvegur</i>	5
<i>Þróun byggðarinnar</i>	5
HNÍFSDALUR	7
1. mynd. Þróun íbúafjölda á Ísafirði og í Hnífsdal 1880–1990.....	8
SKÝRINGAR VIÐ KORT OG HÚSALISTA	9
HÚSALISTI.....	11
KIRKJUBÓLSHLÍÐ OG ENGIDALUR.....	11
HOLTAHVERFI	12
TUNGUDALUR	12
SELJALANDSDALUR.....	13
STEEKJANES.....	14
GRÆNIGARÐUR	15
STAKKANES.....	16
HLÍÐIN	16
TORFNES	17
EYRARTÚN	18
KRÓKUR.....	18
HNÍFSDALSPORP.....	19
HNÍFSDALUR INNAN VIÐ ÞORPIÐ	22
HÚSANAFNASKRÁ	23
HEIMILDASKRÁ	24
BYGGINGARÁRAKORT	26

Tilgangur verkefnis

Þessi greinargerð er sambærileg greinargerðum Veðurstofu Íslands *Byggingarár húsa á Seyðisfirði, í Neskaupstað og á Siglufirði*. Tilgangurinn er að komast að því hvenær einstök hús voru byggð á Ísafirði, hvar þau voru og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu. Upplýsingarnar eru settar fram á kortum, sjö kortblöðum í mælikvarðanum 1:2000 og fjórum kortblöðum í mælikvarðanum 1:7500. Einnig eru nöfn valinna húsa merkt á kortið ásamt helstu stofnunum og fyrirtækjum bæjarins.

Greinargerðin er notuð við gerð snjóflóðahættumats og því falla þau hús sem standa niðri á Skutulsfjarðareyri utan við ramma verkefnisins.

Framkvæmd verkefnis

Fasteignamat frá árunum 1916, 1930, 1970 og 1996 var skoðað og ártölin skráð á kort. Matið frá árunum 1916 og 1930 er geymt á Þjóðskjalasafni Íslands, matið frá 1970 á Fasteignamati ríkisins, en fasteignamatið frá 1996 er til á tölvutæku formi á V.Í. Miðað var við það að elstu upplýsingarnar sem til eru um hvert hús væru þær áreiðanlegustu. Fasteignamatið frá 1916 fannst aðeins fyrir Eyrarhrepp en ekki Ísafjarðarkaupstað á Þjóðskjalasafninu. Það fannst heldur ekki á Skjalasafni Ísafjarðar og komu upp getgátur um að það hefði brunnið ásamt fleiri mikilvægum skjölum á Ísafirði í byrjun aldarinnar. Gamlir uppdrættir fengust hjá Skipulagsstofnun. Þeir voru skoðaðir og byggingar af þeim teiknaðar á grunnkort.

Saga Ísafjarðar fram til 1945 hefur verið skráð af Jóni Þ. Þór og gefin út í fjórum bindum. Þær bækur gefa góðar upplýsingar um byggingarsögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps og voru töluvert notaðar við þessa greinargerð.

Höfundur eyddi nokkrum dögum á Ísafirði, rétt fyrir páska 1998. Þar var spjallað við staðkunnuga um horfin hús og staðhættir kannaðir. Mest var rætt við Odd Pétursson snjóathugunarmann, en hann er mjög fróður um byggingasögu Ísafjarðar. Talað var við ýmsa aðra til að fá nánari upplýsingar um einstaka bæjarhluta og um Hnífsdal. Á Skjalasafni Ísafjarðar í gamla sjúkrahúsinu fengust gamlir uppdrættir frá ýmsum tímum. Þeir voru skoðaðir og ljósrit tekin af sumum þeirra.

Ágrip af sögu Eyrarhrepps og Ísafjarðar fram til ársins 1945

Eyrarhreppur

Skutulsfjörður var líklega numinn á fyrri hluta tíundu aldar og er Eyri talin vera landnámsjörð. Sennilegt er að allt frá því um 1300, og ef til vill löngu fyrr, hafi um tólf lögjarðir verið byggðar í hreppnum. Þeim fjölgaði ekki fyrr en á síðari hluta 18. aldar. Á mörgum jarðanna var tví- og jafnvel þríbýlt. Þessar jarðir voru: Neðri-Hnífsdalur, Fremri-Hnífsdalur, Bakki, Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur,

Fossar, Kirkjuból, Fremri-Arnardalur og Neðri-Arnardalur. Misjafnt var hversu mörg býli voru á hverri jörð. T.d. fækkaði býlum og fólki verulega í Stóru-bólu sem gekk yfir á fyrri hluta 18. aldar (J.Þ.Þ.,I, '84).

Eyrarhreppur í Skutulsfirði var eitt sveitarfélag frá því hreppaskipting var tekin upp og til ársins 1866 þegar Ísafjarðarkaupstaður var skilinn frá og gerður að sérstöku sveitarfélagi. Eftir það voru tvö sveitarfélög í Skutulsfirði í rúma öld. Staðhættir ollu því að Eyrarhreppur skiptist í raun í þrjá hluta: Hnífsdal, Arnardal og byggðina í Firðinum. Þótt hreppurinn væri eitt sveitarfélag að lögum áttu þessir þrír byggðarhlutar fátt sameiginlegt (J.Þ.Þ.,III, '88).

Þegar fyrst er vitað um íbúafjölda í Eyrarhreppi árið 1703 töldust alls 228 manns heimilisfastir í sveitinni. Um mannfjölda fyrir þann tíma er ekkert vitað en óvarlegt er að ætla að hann hafi nokkru sinni orðið meiri en 250–300 manns. Á 18. og 19. öld tóku að myndast þéttbýliskjarnar á Skutulsfjarðareyri og í Hnífsdal. Í Arnardal myndaðist einnig vísir að þéttbýli sem varð aldrei neitt meira. Þar voru í öndverðu tvær jarðir en um og eftir síðustu aldamót reis þar hverfi með 70–80 íbúum (J.Þ.Þ.,I, '84).

Í Skutulsfirði, eins og reyndar á Vestfjörðum öllum er undirlendi lítið og skilyrði til landbúskapar því takmörkuð. Í jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem er frá árinu 1710 er þess getið sérstaklega um sumar jarðir í sveitinni, að tún væru skemmd af skriðuföllum og vatnsaga og þess utan lítt grasgefin. Fiskimið væru aftur á móti ágæt skammt undan landi. Samkvæmt jarðabókinni var verstöðvar að finna víða í Skutulsfirði og sumar voru mjög gamlar. Flestar voru verstöðvarnar í landi Arnardals eða fjórar. Verstöð var í Hnífsdal og hafði verið lengi. Útver voru á Óshlíð, Rómínn og Selvör í Seljadal, en þar voru alls átta verbúðir þegar mest var. Þannig byggði búskapur við Ísafjarðardjúp á fyrri öldum að mestu leyti á sjósókn og sjávarfangi, en landbúskap höfðu bændur aðeins til styrktar (J.Þ.Þ.,I, '84).

Skriðuföll voru sífelld ógn við bæði menn og skepnur í Eyrarhreppi og á vetrum var snjóflóðahætta oft mikil. Árið 1673 féll til að mynda snjóflóð á Búð í Hnífsdal og tók af bæjarhúsin, en menn björguðust. Árið 1701 tók snjóflóð þrjú bæjarhús í Fremri-Arnardal, en þar varð einnig mannbjörg. Þetta eru aðeins tvö dæmi sem getið er í heimildum um snjóflóð fyrir árið 1800. Jón Þ. Þór (1984), sem ritaði sögu Ísafjarðar telur að snjóflóð hafi vafalítið oftast valdið tjóni á eignum manna, og þau, eða öllu heldur hættan á þeim, hafi átt sinn þátt í því að einangra sveitina (J.Þ.Þ.,I, '84). Einnig eru til heimildir um tjón af völdum skriðufalla. Þann 8. og 9. janúar árið 1797 „*skemmdi úrhellisregn með veðurofsa fjölda jarða, einkum í Dölum og á Vestfjörðum, með skriðuföllum, er tóku bæði tún og engjar, aurs árennsli, vatnsgangi, jarðföllum og landbrotum svo að margar jarðir urðu lítt byggilegar, einkum í Önundarfirði, Dýrafirði, Skutulsfirði og Bolungarvík*“ (Ó.J. o.fl., '92).

Ísafjarðarkaupstaður

Verslun og kaupstaðarréttindi

Verslun á sér langa sögu á Skutulsfjarðareyri og er hennar getið nokkrum sinnum á 16. öld. Af heimildum virðist ljóst að þýskir kaupmenn hafa reist sér einhvers konar búðir þarna án þess að um þær verði að öðru leyti nokkuð fullyrt. Eftir að einokunin komst á var þýsku kaupmönnum ýtt til hliðar en Danir tóku við versluninni (P.L., '82).

Árið 1786 kunngerði Danakonungur að einokun yrði afnumin á Íslandi frá og með 1. janúar árið 1788. Samkvæmt nýju verslunarlögunum voru stofnaðir sex kaupstaðir (J.P.P.,I,'84), og var Ísafjörður einn þeirra, en hann hlaut kaupstaðarréttindi þann 18. ágúst 1786 (P.L., '82). Þegar einokun var aflétt risu fljótlega tvær verslanir á Ísafirði og framkvæmdir urðu þar meiri en víðast annars staðar á landinu á fríhöndlunaröld (J.P.P.,I,'84). Ekki varð þróunin í byrjun þó eins og vonir stóðu til og fór svo að kaupstaðarréttindi voru felld niður með tilskipun frá 11. sept. 1816. Samkvæmt henni varð Ísafjörður „autoriseraður útliggjarastaður“, sem sagt skipað skör lægra en áður var. Heyrði Ísafjörður undir Grundarfjörð sem hlaut þá kaupstaðarréttindi öðru sinni (P.L., '82). Ástæðan var ekki hnignun Ísafjarðarkaupstaðar. Tillögur höfðu komið fram um að Grundarfjörður yrði tollhöfn. Það var rökstutt þannig að til Grundarfjarðar væri sigling örugg árið um kring, en rekís hindraði oft siglingu til Ísafjarðar. Danska stjórnin samþykkti þær tillögur og gerði Grundarfjörð jafnframt að kaupstað. Ísafjörður óx aftur á móti mun meira en Grundarfjörður í byrjun 19. aldar og má segja að úthöfnin hafi vaxið kaupstaðnum yfir höfuð (J.P.P.,I,'84).

Fólksfjölgun á staðnum varð þó nokkur á 19. öld. Íbúar voru orðnir yfir 200 árið 1860. Árið 1863 var lögð fram á þingi bænarskrá 34 manna þess efnis að Skutulsfjarðarverslunarstaður fengi kaupstaðarréttindi. Segir þar, að á staðnum séu fimm verslanir og auk verslunarhúsanna 20 íveruhús með 34 „familíum“, alls 214 manns (P.L., '82).

Sjávarútvegur

Frá því um miðja 19. öld var saltfiskur helsta og verðmætasta útflutningsvara Ísafjarðarkaupmanna. Stóð svo allt fram yfir 1940 þegar freðfiskur leysti saltfiskinn af hólmi. Um 1880 hófu norskir síldveiðimenn veiðar frá Ísafirði. Útgerðarsaga Norðmanna varð mjög stutt, náði fram til 1882. Siglingin þótti helst til löng, og meiri síld var að hafa fyrir Norðurlandi og á Austfjörðum. Íslendingar héldu þó síldveiðum áfram frá Ísafirði. Um 1915 fóru að skapast aðstæður til síldarútgerðar á Ísafirði og síldarsöltunar í stórum stíl. Margar síldarsöltunarstöðvar voru reistar og hinir fyrstu af „stóru bátunum“ komu til bæjarins árið 1914. Þeir hentuðu vel til síldveiða með hringnót (J.Þ.Þ.,III, '88). Á þriðja áratugi aldarinnar voru miklar sveiflur í aflabrogðum og erlendir markaðir voru óstöðugir. Mörg útgerðarfyrirtæki fóru illa á þessum tíma. Á Ísafirði gripu bæjaryfirvöld í taumana og höfðu forgöngu um stofnun útgerðarfélagss með samvinnusniði. Samvinnufélag Ísfirðinga lét á skömmum tíma smíða sjö stóra vélbáta, og var það langstærsta útgerðarfyrirtækið á Ísafirði frá 1929 og fram á miðja öldina (J.Þ.Þ.,IV, '90).

Þróun byggðarinnar

Í byrjun 19. aldar voru byggingar prestssetursins á Eyri þær efstu á Skutulsfjarðareyri, en þær voru á svæðinu þar sem leikskólinn er nú. Um það bil þar sem nú er Sólgrata voru landamörk Eyrar og Ísafjarðarkaupstaðar. Kaupstaðurinn byggðist fyrst neðarlega á eyrinni en upp úr miðjum sjötta áratug síðustu aldar risu húsin þar sem nú heitir Mjallargata, Pólgata, Mánagata og Sólgrata (J.Þ.Þ.,I, '84). Árið 1872 keypti kaupstaðurinn jörðina Eyri og stækkaði þá kaupstaðarlandið til muna. Árið 1898 bættust Stakkanes og Seljaland við (J.Þ.Þ.,II, '86).

Húsin í kaupstaðnum virðast flest hafa verið timburhús, og byggingarnefnd kaupstaðarins samþykkti árið 1873 að banna allar torfhúsabyggingar í kaupstaðnum fyrir neðan Eyrarkirkju, „vegna þeirrar óprýði sem þessháttar byggingar hafa í för með sér“ (J.Þ.Þ.,II, '86). Margir húsmenn og aðrir fátæklingar höfðu byggt torfbæi á Eyrartúni á áttunda áratugi 19. aldar. Eftir að bygging torfhúsa var bönnuð þar og hin eiginlega kaupstaðarbyggð tók að færast upp eftir eyrinni, hörfuðu húsmennirnir undan. Þá tóku þeir að reisa torfbæi sína og smáhýsi ofan við bæinn. Fyrir utan sóttvarnarhúsið á Torfnesi var engin skipulögð byggð fyrir ofan kirkjuna á Eyri fyrr en eftir 1920. Óskipulögð jaðarbyggð grasbýla tók samt að myndast miklu fyrir. Grasbýlin voru á tveimur svæðum; úti í Krók og í Hlíðinni, sem er fyrir ofan eyrina, þar sem nú eru göturnar Urðarvegur, Engjavegur og Seljalandsvegur.

Byggðin úti í Krók var töluvert eldri en byggðin í Hlíðinni. Hún tók að myndast þegar á áttunda áratugi 19. aldar. Fyrsta húsið í Króknum var Gildrunes-

bærinn, sem reistur var árið 1876 og litlu yngri var Króksbærinn. Á árabílinu 1880–1910 risu nokkur íbúðarhús til viðbótar í Króknum og yst á eyrinni. Íbúar í Króknum voru allir í hópi þeirra sem minna máttu sín í efnalegu tilliti a.m.k (J.Þ.Þ.,II, '86). Þegar manntal var tekið árið 1870 var engin íbúðarbyggð í Hlíðinni né inn með firðinum, nema á Stakkanesi og Seljalandi.

Þegar manntal var tekið árið 1901 voru allnokkur hús í Hlíðinni og svo er að sjá sem byggðin þar hafi fyrst tekið að myndast á síðasta tug 19. aldar. Á næstu tveimur áratugum fjölgaði húsum í Hlíðinni smám saman. Árið 1913 var ruddur vegur upp í Stóruð og var hann upphafið að núverandi Urðarvegi. Hann þjónaði byggðinni sem risin var í Hlíðinni og eftir honum var einnig akfært í Stóruðina sem á þessum árum var helsti samkomustaður Ísfirðinga. Um 1920 var byggðin í Hlíðinni orðin allþétt en afmarkaðist af svæðinu frá núverandi Urðarvegi og inn með Seljalandsvegi, nokkurn veginn þangað sem Engjavegur og Seljalandsvegur mætast nú. Utanvert við Urðarveg stóðu tvö býli, Hlíðarendi og Sigurhæð, en þar fyrir utan var engin byggð fyrr en kom út í Krók (J.Þ.Þ.,II, '86).

Það voru einkum daglaunamenn sem settust að í Hlíðinni. Þeir voru undan-tekningarlítið bláfátækir og höfðu flestir fyrir stórum fjölskyldum að sjá. Þeir fluttust upp í Hlíðina vegna þess að þar gátu þeir fengið grasnyt, haft nokkrar kindur og geitur sem var góð búbot. Flestir höfðu túnbleðla við hús sín, en heyjuðu annars þar sem slægjur var að hafa. Um eiginlegan búskap var þó ekki að ræða og menn stunduðu daglaunavinnu þar sem vinnu var að fá. Húsakynnin uppi í Hlíðinni voru þröng og léleg nema á Hlíðarenda og Sjónarhæð. Engu að síður voru afkomumöguleikar daglaunamanna betri uppi í Hlíð og þrengslin voru ekki minni í leiguíbúðunum í bænum. Áður bjuggu fátæklingar oft í torfbæjum, en þegar kom fram um aldamót voru þurrabúðirnar úr sögunni, og torfbæjum fór mjög fækkandi. Síðasti torfbærinn í bænum var rifinn árið 1909 (J.Þ.Þ.,II, '86).

Ísafjörður var fyrsti staðurinn á landinu sem hlaut staðfest skipulag. Sumarið 1922 var Jón J. Víðis um skeið á Ísafirði við mælingar og gerði síðan uppdrátt. Um skipulagið var nokkuð þref en að lokum var það samþykkt 16. mars 1927 (P.L., '82).


Það má segja að á svæðinu ofan við Eyrartúnið, eða „Sjúkrahústún“ eins og það var nefnt í daglegu tali eftir 1925, hafi risið nýtt bæjarhverfi á árunum 1930–1940. Á fjórða áratuginum voru fyrstu húsin byggð við Túngötu og Hlíðarveg. Byggðin í Hlíðinni ofan Seljalandsvegar breyttist hins vegar lítið fyrir 1945. Um 1935 var lóðum úthlutað næst fyrir utan Sjónarhæð og á næstu árum risu fleiri hús innar við götuna. Um svipað leyti var tekið að skipuleggja byggð utanvert við Urðarveg sem fram yfir 1935 var oftast nefndur Urðarstígur (J.Þ.Þ.,III, '88).

Hnífsdalur

Árið 1870 var aðeins búið á Bakka, Neðri- og Fremri-Hnífsdal, Hrauni og Búð. Þorp tók að myndast þar um eða upp úr 1880 og óx stöðugt fram yfir 1920. Fyrstu rætur þéttbýlismyndunar á sjávarkambinum við Hnífsdalsvík, virðist mega rekja til þess að fátækir tómthúsmenn settust þar að í sjóbúðum ásamt fjölskyldum sínum. Sumir þeirra reru á útvegi Hnífsdalsbænda, en aðrir áttu eigin báta, að minnsta kosti að nafninu til. Þeir reru fyrir eigin reikning en lögðu aflann inn hjá verslunum á Ísafirði og áttu allt sitt undir forráðamönnum þeirra ef gæftur voru stíðar eða afli brást. Árið 1880 var enginn Hnífsdælingur sagður heimilisfastur í verbúð, en árið 1890 var getið heimila í tveimur verbúðum svo óyggjandi væri, og var önnur nefnd Pálsbúð og hin Hannesarbúð eða Búðarbúð. Á síðasta áratugi 19. aldar fjölgaði sjóbúðum í Hnífsdal til muna, og er manntal var tekið þann 1. nóvember 1901 voru þær taldar alls 15 og héldu 109 manns til í þeim. Þar var þó ekki um fasta búsetu að ræða nema í fáum tilfellum. Flestir þeirra sem bjuggu í sjóbúðunum áttu lögheimili annars staðar en dvöldust í dalnum yfir vertíðina. Þegar kom fram yfir aldamót og fólki tók að fjölga ört með vaxandi vélbátaútgerð settust margir að í verbúðum og var þá mörgum þeirra breytt og þær stækkaðar. Þar með urðu þær í raun íbúðarhús, en héldu þó búðarnafninu í daglegu tali enn um langt skeið. Um 1870 voru allar verbúðir hlaðnar af torfi og grjóti og á einni hæð, þótt oft væri á þeim burst. Þegar kom fram yfir 1890 urðu búðirnar yfirleitt veglegri en áður og voru þá gjarnan með lofti þar sem sjómennirnir sváfu en niðri var eldað, beitt og geymd veiðarfæri. Oft fylgdu hjallar búðunum. Þegar kom fram yfir aldamót var tekið að vanda enn meira til verbúðanna, enda urðu þær þá bústaðir fólks til lengri tíma í enn ríkari mæli en fyrr. Þá voru þær undantekningarlítið reistar af timbri og steinsteypu, þiljaðar innan með panel og oft hin vönduðustu hús (J.Þ.Þ., I, '84 og II, '86).

Fyrstu eiginlegu íbúðarhúsin í Hnífsdal voru reist á öndverðum 9. áratug síðustu aldar og má því líta svo á að þá hafi þéttbýli tekið að myndast í dalnum. Á árunum 1890–1901 fjölgaði bæði fólki og heimilum í Hnífsdal. Þá voru sjö íbúðarhús risin til viðbótar, og stóðu sex þeirra við Hnífsdalsvíkina, báðum megin árinna en hið sjöunda var Brekka sem stóð utan við Heimabæ og Guðmundur Jónsson átti. Á fyrsta áratugi 20. aldar varð fólksfjölgun í Hnífsdal mjög ör vegna blómlegrar og vaxandi útgerðar. Í Hnífsdalnum byggðist nær allt atvinnulíf á sjávarútvegi sem rekinn var af útvegsbændum. Þar má greina glögg skil á milli útgerðar í Hnífsdal og á Ísafirði þar sem útgerðin var að mestu á vegum verslana (J.Þ.Þ., II, '86).

1. mynd. Þróun íbúafjölda á Ísafirði og í Hnífsdal 1880–1990. Hnífsdalur var sameinaður Ísafjarðarkaupstað árið 1971. (M.S., '94).



Skýringar við kort og húsalista

Kortið sýnir á hvaða árabili hús hafa staðið og hvar þau standa eða stóðu. Ártölin segja til um hvaða ár fyrst var byggt á viðkomandi stað, og hvenær húsin hurfu af sjónarsviðinu ef þau eru farin. Einnig sést á kortinu hvort húsin hafa fyrst og fremst verið notuð til íbúðar, til atvinnustarfsemi eða sem geymsla eða útihús. Nöfn valinna húsa eru merkt á kortið ásamt nöfnum ýmissa fyrirtækja og stofnanna.

Á kortið eru teiknaðar allar þær byggingar sem komu fyrir í þeim uppdráttum sem byggt er á. Ekki eru ártöl eða nöfn við þær allar, en þá er í flestum tilfellum um að ræða skúra eða hús sem ekki eru talin á snjóflóðahættusvæði. Þau hús sem eru teiknuð með bláum tússpenna standa ekki í dag.



Snjóflóð eða aurskriða hefur fallið á húsið. Nánar útskýrt í húsalista.



Staðsetning hússins er ekki mæld eftir korti heldur áætluð á grundvelli heimilda eða heimildarmanna.

1899 – 1955

Byggingarár Árið sem húsið fór

Aðalnotkun húsa:



Íbúðarhús. Á við öll hús þar sem búið er í hluta af eða öllu húsinu



Atvinnuhúsnaði



Geymsla eða útihús

Í húsalistanum er svæðinu skipt niður í hverfi sem skráð eru í landfræðilegri röð frá austurhluta Skutulsfjarðar, inn eftir firðinum og aftur út að vestanverðu og endað er í Hnífsdal. Skráð eru þau hús sem staðið hafa á þessu svæði, en eru nú horfin. Sveitabæirnir á svæðinu eru einnig á listanum, svo og öll þau hús sem vitað er til að hafi orðið fyrir snjóflóði eða aurskriðu og eru þau stjörnumerkt. Snjóflóðasaga Ísafjarðar hefur verið tekin saman fram til ársins 1999 á Veðurstofu Íslands (J.G.E. og Ó.K., '89, J.G.E., '95, J.G.E., '99 a og b), og þar eru einnig til snjóflóðaskýrslur sem

snjóathugunamenn víða á landinu hafa gert. Upplýsingar um hús sem orðið hafa fyrir aurskriðum eru hins vegar eingöngu fengnar úr bókinni „Skriðuföll og Snjóflóð“ eftir Ólaf Jónsson og Halldór G. Pétursson (1992), en þar eru aurskriður fram til ársins 1990 skráðar.

Í húsalistanum kemur fram nafn viðkomandi húss, götunafn og númer, byggingarár hússins og hvenær það fór. Einnig sést á hvaða kortblaði húsið er að finna. Að lokum eru skráðar sérstakar athugasemdir um húsið ef einhverjar eru. Í sumum tilfellum er þó látið nægja að fjalla um tiltekin svæði og byggingarsögu þeirra, en ekki hvert einstakt hús. Við nokkur hús stendur „lögbýli“ í stað byggingarárs. Það merkir að viðkomandi bær stendur á jörð sem hefur verið í byggð líklegast allt frá því um árið 1300, og ef til vill löngu fyrr.

Skrá yfir húsanöfn er aftan við listann, og þar kemur fram á hvaða blaðsíðu viðkomandi hús er í húsalistanum.

Húsalisti

Kirkjubólshlíð og Engidalur, kort 1 og 2

***Grútur hf., kort 1**

Byggingarár: 1910

Örlög: Fyrirtækið hætti starfsemi um 1930. Árið 1910 féll snjóflóð á bræðsluhúsið, og árið 1936 féll annað snjóflóð og eyðilagði geymsluhús sem þarna var.

Athugasemdir: Emil Strand stofnaði lýsis-verksmiðjuna Grút hf., sem hóf starfsemi á Kaldeyri undir Kirkjubólshlíð um 1910. Á Kaldeyri var framleitt meðalalýsi til útflutnings, en auk þess átti fyrirtækið bræðsluhús í Bolungarvík og Hnífsdal. Fyrirtækið hætti starfsemi um 1930.

Þann 3. mars árið 1910 féll snjóflóð á Kaldáreyri og braut bræðsluhús, eign Grúts hf., og sópaði burtu keru með 16 lifrarfötum (Ó.J. o.fl., '92)

Aðfaranótt 21. mars 1936 féll snjóflóð á Kaldáreyri og sópaði burtu geymsluhúsi, eign Þorsteins Kjarvals á Kjarvalsstöðum (Ó.J. o.fl., '92).

***Naust, kort 1**

Byggingarár: Um 1880

Örlög: Fór í eyði árið 1955

Athugasemdir: Naust virðist hafa verið fyrsta nýbýlið í Eyrarhreppi. Þar var um tómtúshúð að ræða sem lítið átti skylt við þau nýbýli sem algeng urðu á Íslandi á 20. öld. Naust voru í landi Kirkjubóls og örnefnið sem er miklu eldra en búsetan bendir til að þar hafi verið uppsátur fyrir á öldum (J.Þ.Þ.,III, '88). Fram að 1955 var tvíbýlt og áður þrúbýlt, jafnvel fjór-býlt á Nausti (M.S., '94).

Þann 3. mars árið 1910 hljóp snjóflóð á Naustum. Það braut að nokkru niður hlöðu og fjárhús, en fyllti húsin að mestu af snjó. Dráput þar átta kindur (Ó.J. o.fl., '92).

**Vitahús, innsiglingarvitar, innsiglinga-
ljósaskúrar, kort 1**

Byggingarár: ?

Athugasemdir: Þann 27. janúar 1990 kom snjóflóð úr Naustahvilt. Þá voru komnir innsiglingarvitar á svipuðum slóðum og Naust stóð áður. Neðra vitahúsið brotnaði í flóðinu (J.G.E., '94, O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '90).

Þann 19. janúar 1995 hljóp aftur úr Naustahvilt. Snjóflóðið braut inn vegg á neðri innsiglingaljósaskúrnum (JGE, '95, O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '95).

Kirkjubær, kort 2

Byggingarár: Var fyrst getið í heimildum haustið 1898

Athugasemdir: Kirkjubær var nýbýli í landi Kirkjubóls.

Höfði, kort 2

Byggingarár: Fyrst getið í manntalinu 1910

Örlög: Fór í eyði upp úr 1920

Athugasemdir: Höfði var nýbýli í Kirkjubólslandi. Bærinn stóð á höfðanum niður við sjóinn, skammt innan við Skiþeyri (J.Þ.Þ.,III, '88). Íbúar eru skráðir á Höfða árin 1910 og 1920 en síðan ekki meir (M.S., '94).

Seljabrekka, staðsetning ekki þekkt

Athugasemdir: Jarðabókin segir Seljabrekku hafa eyðst í Stóru bólu árið 1707. Í Jarðabókinni segir ennfremur: „Túnið var lítið, nú að mestu eyðilagt vegna skriðufalls. Engið er eyðilagt fyrir skriðum. Bærinn stóð framan á háum bakka, sem uppblæs meir og meir, og er nú bæjarstæðið sjálft tekið að hrynja og bæjar-tóftirnar alt ofan í fjöru og má því ekki aftur byggja“ (J.Þ.Þ.,I, '84). Ekki er vitað hvar Seljabrekka var.

***Kirkjuból, kort 2**

Byggingarár: Lögbýli

Örlög: Fór í eyði árið 1982

Athugasemdir: Elsta heimild sem nefnir Kirkjuból svo óbyggjandi sé er máldagi kirkjunnar þar frá 1333 (J.Þ.Þ.,I, '84). Tvö önnur býli voru skráð undir Kirkjubóli árin 1880 og 1901, og annað þeirra fór í eyði árið 1902 (M.S., '94).

Þann 28. mars 1953 féll snjóflóð úr Kirkjubólshlíð rétt utan við íbúðarhúsið á Kirkjubóli. Flóðið tók geymsluskála með ýmis konar landbúnaðarvélum. Einnig tók það ýmislegt lauslegt sem stóð á hlaðinu á Kirkjubóli, svo sem sleða til mjólkurflutninga (Ó.J. o.fl., '92).

Kirkjubólshlíð og Engidalur frh.

***Funi, kort 2**

Byggingarár: 1993-94

Athugasemdir: Þann 25. október 1995 féll snjóflóð á Funa sem olli miklu tjóni. Snjórinn braut klæðningu, hurðir og glugga. Móttakan filltist af snjó. Flóðið eyðilagði líka þrjár bifreiðar. Tveir starfsmenn sem þarna voru staddir björguðust. (O.P., *skýrsla um snjóflóð*, '95)

Nú hefur verið reistur snjóflóðavarnarplógur ofan við Funa.

Engidalur, kort 2

Byggingarár: Lögbylí

Athugasemdir: Engidalur var eign kirknanna á Eyri og í Holti á 17. öld eins og Hafrafell. Þar hefur löngum verið tvíbýlt og voru bæirnir nefndir Efri- og Neðri-Engidalur (J.Þ.Þ.,III, '88). Búskapur var enn stundaður í Efri-Engidal árið 1990, en Neðri-Engidalur fór í eyði árið 1988 (M.S., '94).

Fossar, Fossárvirkjun, innan við kort 2

Byggingarár: Lögbylí

Athugasemdir: Ábúendaskipti voru tíð á Fossum. Það gæti virst svo sem sumir ábúenda jarðarinnar hafi horfið þaðan um leið og þeim bauðst betra jarðnæði, en jörðin var erfið og rýr (J.Þ.Þ.,III, '88). Á Fossum voru stundum skráð tvö býli (M.S., '94). Síðasti bóndinn á Fossum fluttist út á Ísafjörð árið 1926 (J.Þ.Þ.,IV, '90). Jörðin var nytjuð lengur en fór síðan í eyði árið 1937 (M.S., '94). Sögu mannvistar innst í Engidal var ekki lokið, en árið 1936 voru framkvæmdir hafnar við virkjun í Fossá og var hún tekin í notkun ári síðar. Á meðan virkjunarframkvæmdum stóð, bjuggu verkamenn í skála sem reistur var fyrir þá. Þegar virkjunin tók til starfa fluttist stöðvarstjórinn í skálann. Þegar Nónvatn var virkjað árið 1942 var reist sérstakt íbúðarhús við rafstöðina (J.Þ.Þ.,IV, '90).

Hafrafell, kort 2

Byggingarár: Lögbylí

Örlög: Kom síðast fram í opinberum skráum árið 1959 og voru ábúendur skráðir þar fram til 1950 (M.S., '94).

Athugasemdir: Hafrafell var eign kirknanna á Eyri og í Holti á 17. öld, en jörðin var í eigu og ábúð sömu ættar mest alla 19. öld og langt fram á hina 20. (J.Þ.Þ.,III, '88). Þar var stundum tvíbýlt (M.S., '94).

Holtahverfi, kort 3

Kjarrholt 4, kort 3

Byggingarár: 1979

Athugasemdir: Þann 4. janúar 1984 féll snjóflóð úr Kubba, sem stöðvaðist við húsin að Kjarrholti 2 og 4. Flóðið braut hurð á húsinu Kjarrholti 4, rann inn í svefnherbergi og gang og skemmdi innanstokksmuni. Flóðið tók með sér fólksbifreið er stóð á Holtabraut, ofan við Kjarrholt 2, bar hana með sér 30-40 m og skemmdi talsvert (J.G.E. og Ó.K., '89).

Árbær, kort 3

Byggingarár: 1925

Athugasemdir: Bræðurnir Guðmundur og Halldór Guðmundssynir byggðu Árbæ í Hafrafellslandi (J.Þ.Þ.,IV, '90).

Úlfsá, kort 3

Byggingarár: 1895

Athugasemdir: Úlfsá var nýbýli í landi Hafrafells sem Halldór Magnús Ólafsson póstur reisti (J.Þ.Þ.,III, '88).

Góustaðir, kort 3

Byggingarár: 1897 eða 1898

Athugasemdir: Halldór Magnús Ólafsson reisti nýbýlið á Góustöðum (J.Þ.Þ.,III, '88).

Fagrihvammur, kort 3

Byggingarár: Fyrst getið í heimildum árið 1901

Athugasemdir: Fagrihvammur var nýbýli í landi Tungu (J.Þ.Þ.,III, '88).

Tungudalur, kort 4

Tunga, Efri- og Neðri-Tunga, kort 4

Byggingarár: Lögbylí

Athugasemdir: Á Tungu var löngum margbýlt, og var algengt að 30-50 manns teldust heimilisfastir þar er manntöl voru tekin. Fram undir aldamót var Tunga ein jörð, en á síðustu árum 19. aldar var henni skipt í Efri- og Neðri-Tungu. Eftir 1901 er ekki getið fleiri en tveggja heimila í senn í Tungu (J.Þ.Þ.,III, '88). Í Efri-Tungu var búskapur ennþá árið 1990 en aðeins einn ábúandi skráður. Í Neðri-Tungu er enginn ábúandi skráður 1990, en þar var þó búskapur (M.S., '94).

Loftsborg, staðsetning ekki þekkt

Athugasemdir: Loftsborg virðist hafa byggst úr landi Tungu í upphafi 19. aldar. Ekki er vitað hvar hún var staðsett, eða hversu lengi hún stóð.

Tungudalur, frh.

Kornustaðir og Kolfinnustaðir, staðsetning ekki þekkt

Athugasemdir: Þessi býli voru áður skammt utan við Buná, og voru þau byggð úr landi Tungu. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu. Í landi Kornustaða gerði M. Simson ljósmyndari og heimspekingur fallegan skrudgarð (J.Þ.Þ., III, '88). Sá garður eyðilagðist að mestu í snjóflóðinu á Tungudal 1994.

***Sumarbústaðir í Tungudal, kort 4**

Athugasemdir: Í Tungudal reisti M. Simson sumarbústað fyrstur árið 1926 (J.Þ.Þ., III, '88). Á næstu árum bættust við nokkrir bústaðir, en sumarbústaðalandið byggðist að mestu leyti á árunum 1935–45 (O.P., '98).

Þann 13. febrúar 1973 féll snjóflóð úr gili ofan við austasta sumarbústaðinn. Flóðið tók með sér sumarbústað, fór með hann á rafmagnsstaur og braut hann (J.G.E. og Ó.K., '89).

Þann 5. apríl árið 1994 féll snjóflóð úr Breiðafelli yfir skíðasvæðið á Seljalandsdal og áfram niður í Tungudal. Í flóðinu eyðilagðust 40 sumarbústaðir. Í tveimur þessara bústaða var fólk, og lést einn maður og ein kona slasaðist. Miklar skemmdir urðu á gróðri og girðingum og raflína með spennu fyrir sumarbústaðasvæðið eyðilagðist (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '94, J.G.E., '95). Eftir flóðið var fljótlega hafist handa við að byggja bústaðina upp aftur. Nú (júni '99) hafa nýir bústaðir verið reistir á víð og dreif um allt svæðið, þótt ekki hafi hver einasti bústaður verið endurbyggður.

Bústaður M. Simsons, kort 4

Byggingarár: 1926

Örlög: Rifinn 1979

Seljalandsdalur, kort 4

***Skáli Skíðafélags Ísafjarðar, kort 4**

Byggingarár: 1939

Örlög: Fór í snjóflóði árið 1953

Athugasemdir: Nokkrum árum eftir að Skíðheimar voru byggðir, reisti Skíðafélag Ísafjarðar annan skála á dalnum. Hann var mun stærri en Skíðheimar og gerður úr timbri, en Skíðheimar að miklu leyti úr torfi og grjóti. Skáli Skíðafélagsins stóð til 29. mars 1953, er hann eyðilagðist í snjóflóði (J.Þ.Þ., IV, '90).

***Lyftuhús, skátaskáli og lyftur á skíðasvæðinu Seljalandsdal, kort 4**

Athugasemdir: Þann 5. apríl árið 1994 féll snjóflóð úr Breiðafelli yfir skíðasvæðið á Seljalandsdal og áfram niður í Tungudal, á sumarbústaðabyggðina þar. Flóðið eyðilagði fjórar skíðalyftur, tvö endastöðvarhús, tvö hús fyrir skíðagönguaðstöðu, og skíðaskála (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '94, J.G.E., '95).

Skíðheimar I, kort 4

Byggingarár: 1928

Örlög: Rifinn um 1940

Athugasemdir: Skíðheimar var fyrsti skíðaskálinn sem reistur var á Seljalandsdal. Hann stóð skammt frá núverandi skála, Skíðheimum II (O.P., '98).

Skíðheimar II, kort 4

Byggingarár: 1954

Athugasemdir: Árið eftir að skáli Skíðafélags Ísafjarðar fór í snjóflóði, var reistur á múlanum skáli sá, sem nú stendur. Hann heitir Skíðheimar og upp af honum eru brattar og góðar brekkur (J.Þ.Þ., IV, '90).

Siggakofi, kort 4

Byggingarár: Snemma á þessari öld (O.P., '98)

Athugasemdir: Kofinn hefur smám saman grotnað niður en leyfarnar standa enn, beint upp af sumarbústaðabyggðinni í Tunguskógi. Sigurður Sigurðsson gætti þar geita fyrir bæjarbúa og bjó í kofanum hluta af árinu (O.P., '98).

„Krakkakofi“, kort 4

Byggingarár: Á sjöunda áratugnum (O.P., '98)

Athugasemdir: Nokkrir krakkar byggðu kofann og stendur hann enn. Hann er þó að hruni kominn (O.P., '98).

Seljalandsdalur, frh.

***Þrír sumarbústaðir, neðan Skíðavegar, upp af Seljalandi, kort 4**

Byggingarár: Þeir voru líklegast byggðir milli 1930 og 1940 (O.P., '98)

Örlög: Fóru í snjóflóði 1947 og 1954

Athugasemdir: Snjóflóð féll þann 24. mars 1947 úr Eyrarfjalli og gjöreyðilagði alla þrjá bústaðina. Sama flóðið olli tjóni á Seljalandi (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89). A.m.k. tveir bústaðanna voru líklega byggðir upp á ný, en snjóflóð féll á þá aftur þann 5. mars 1954. Það eyðilagði bústað Elíasar Pálssonar kaupmanns í annað skipti og annar bústaður skekkist (Ó.J. o.fl., '92).

***Seljaland, kort 4**

Byggingarár: Lögbýli

Athugasemdir: Seljaland er nefnt í elstu jarðatölum er greina jarðir í Eyrarhreppi, en þau eru frá árunum 1686 og 1695.

Ísafjarðarkaupstaður keypti Seljaland árið 1896. Eftir það leigði bæjarstjórnin bæjarhúsin til íbúðar (J.Þ.Þ., III, '88). Árið 1927 hóf bærinn búskap á Seljalandi og í Tungu. Á Seljalandi var starfrækt kúabú og gerðar voru miklar jarðabætur þar (J.Þ.Þ., IV, '90). Búið var starfrækt a.m.k. til ársins 1946.

Þann 24. mars árið 1947 féll snjóflóð niður úr Eyrarfjalli eða upp af Seljalandsmúla. Það braut niður hlöðu á Seljalandi, laskaði íbúðarhúsið þar og hálfyllti af snjó (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Stekkjanes, kort 4

Þrír sumarbústaðir milli Seljalands og Karlsá, kort 4

Byggingarár: Þrír sumarbústaðir voru reistir innan við Karlsá á fjórða áratugnum (O.P., '98).

Örlög: Búið var að rífa þá alla um 1970 (O.P., '98).

***Karlsá, kort 4**

Byggingarár: ca. 1925 (O.P., '98)

Örlög: Fóru í snjóflóði 1947

Athugasemdir: Þann 24. mars 1947 féll snjóflóð úr Eyrarfjalli og lenti á býlinu Karlsá við Seljalandsveg. Tók það íbúðarhúsið af grunni og færði niður í fjöru, um 60–70 m leið, og braut það í spón að heita mátti. Húsmóðirinn, Þorbjörg Jónsdóttir var ein heima og slasaðist nokkuð (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Tveir kofar utan við Karlsá, kort 4

Byggingarár: Ekki vitað

Örlög: Kofarnir voru báðir farnir fyrir 1970. Sá neðri brann á sjöunda áratugnum.

Stekkjanes, kort 4

Byggingarár: um 1698

Örlög: Bærinn var horfinn úr manntölum árið 1735 (J.Þ.Þ., I, '84)

Síldarplan, kort 4

Byggingarár: 1916

Athugasemdir: Snemmsumars 1916 er greint frá því í Vestra að Axel og Helgi Ketilssynir séu að láta byggja „plan“ innan við Gróðrarstöðina á Stekkjarnesi (J.Þ.Þ., III, '88).

***Sumarbústaðir ofan við Stekkjanes, kort 4**

Byggingarár: Upp úr 1950 (O.P., '98)

Örlög: Aðeins einn bústaður stendur nú eftir

Athugasemdir: Þann 10 nóvember 1969 féll snjóflóð úr Seljalandshlíð sem tók með sér sumarbústaði (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89). Þeir stóðu á svipuðum slóðum, kannski heldur utar (O.P., '99)

Þann 12.2. 1973 féll snjóflóð úr Seljalandshlíð sem skall á gæsakofa og drap fjöldann allan af gæsum (J.G.E. og Ó.K., '89). Gæsakofinn hefur líklega einnig verið á þessu svæði

Snjóflóð féll úr „Karlsárgili“ í janúar árið 1995 og eyðilagði efri sumarbústaðinn. Snjóflóðið eyðilagði einnig fjárhús og gæsakofa (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '95).

***Fjárhús ofan við Stekkjanes, kort 4**

Byggingarár: Ekki vitað, en líklega uppúr miðri öldinni.

Örlög: Fóru í snjóflóði árið 1995

Athugasemdir: Þann 16. janúar 1995 féll snjóflóð úr Karlsárgili sem eyðilagði fjárhúsin og gæsakofa sem stóð við þau. Sama flóð eyðilagði sumarbústað sem stóð aðeins ofar (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '95).

Grænigarður, kort 4 og 5

Býlið Grænigarður kom til sögunnar á síðari hluta 19. aldar. Árið 1915 var farið að byggja bryggjur og reisa aðstöðu til síldarsöltunar við Grænagarð. Tvö síldverkunarpláss voru á svæðinu, og lét Norðmaðurinn Syre reisa annað þeirra, en Magnús Magnússon kaupmaður átti síldarplan nokkru innar. Magnús reisti einnig stórt hús handa verkafólkinu. Síldarverksmiðja var reist á Grænagarði, ekki síðar en vorið 1917 (J.Þ.Þ., III, '88). Enn þann dag í dag er athafnasvæði við Grænagarð, en þar eru Netagerðin og Steiniðjan til húsa.

*Gamli-Grænigarður, Bótukofi, Grænigarður, Efri-Grænigarður, kort 4

Byggingarár: Fyrir 1880, nýtt hús 1916

Athugasemdir: Grænigarður kemur fyrst fyrir í manntölum árið 1880, en árið 1890 er hans ekki getið. Búið var á Grænagarði árið 1901 og alla tíð síðan.

Þann 15. febrúar árið 1916 féll snjóflóð á Grænagarð skv. Ó.J. Þar bjó þá Bóthildur Sigurðardóttir og var húsið kallað Bótukofi. Þetta hús var u.þ.b. 50 m innar en núverandi Grænigarður, og nú er þar gróin grund. Snjóflóðið tók þakið af húsinu og gaflinn úr því út á pall. Þeir sem voru í húsinu björguðust (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89). Grænigarður var síðan endurreistur beint ofan við þar sem Netagerðin er núna.

Oddur Pétursson ('98) hefur eftir föður sínum að þarna hafi ekki verið um snjóflóð að ræða, heldur hafi húsið verið lélegt og hrunið undan snjóþunganum einum saman.

Þann 1. maí 1952 féll snjóflóð úr Hrafnagili og eyðilagði skíðabraut við Grænagarð.

Þann 18. janúar 1995 féll flóð úr Hrafnagili sem lenti á horni Efra-Grænagarðs, án þess þó að valda tjóni (JGE, '95).

Netagerðin, síldarverksmiðja, kort 4

Byggingarár: Elsti hlutinn var byggður ekki síðar en 1917 (J.Þ.Þ., III, '88)

Athugasemdir: Árið 1915 var síldarverkun á Grænanesi, og kom síldveiðifélagið upp aðstöðu til söltunar. Hús netagerðarinnar hefur byggst í mörgum áföngum og er innsti hlutinn upphaflega síldarverksmiðjan (J.Þ.Þ., III, '88, O.P. '98).

Neðri-Grænigarður, kort 4

Byggingarár: 1910–20

Athugasemdir: Húsið stendur enn á milli Steiniðjunnar og netagerðarinnar og var hluti af gömlu kaðlaverksmiðjunni. Ekki er búið í því lengur.

*Steiniðjan, kort 4 og 5

Byggingarár: 1952–4

Athugasemdir: Upphaflega var reist hæsnahús á þessum stað um 1952–4. Húsnæði Steiniðjunnar hefur byggst upp í mörgum áföngum og öllum byggingunum var síðan skellt undir eitt þak (O.P., '98).

Þann 10. nóvember árið 1969 féll snjóflóð á trésmíðaverkstæði Steiniðjunnar. Flóðið braut niður þak og einn vegg verkstæðisins og fyllti allt af snjó. Þarna voru ýmsar dýrmætar vélar, sem skemmdust eða eyðilögðust. Hlaupið tók einnig tvö bílflök og steinsteypuvél er stóðu við verkstæðið og sópaði öllu burt (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Snjóflóð féll einnig á Steiniðjuna 17. janúar 1995. Efst hæðin fylltist af snjó. Skemmdir urðu á þaki og hurðir og gluggar brotnuðu. Þá eyðilagðist sumarbústaður sem var í geymslu á lóð Steiniðjunnar (O.P., *Skýrsla um snjóflóð*, '95).

Eitt snjóflóð til viðbótar féll á Steiniðjuna þann 23. október 1995. Það braut hurðir og glugga í húsinu og flæddi þar inn (JGE, *tilkynning um snjóflóð*, '95)

Í febrúar 1999 brann bílaverkstæði sem var áfast við Steiniðjuna (O.P., '99)

*Fjárrétt við Grænagarð, kort 5

Byggingarár: ?

Athugasemdir: Þann 5. mars 1954 féll snjóflóð á fjárréttina við Grænagarð (Ó.J. o.fl., '92). Líklegt verður að teljast að fjárréttin hafi oftar orðið fyrir snjóflóðum, þótt það sé ekki tekið fram í annálum.

*Sólgerði og fjárhús, kort 4 og 5

Byggingarár: 1910–20 (O.P., '98)

Örlög: Fór í snjóflóði árið 1941

Athugasemdir: Að kvöldi 2. mars 1941 reið mikið snjóflóð niður yfir Sólgerði. Flóðið flutti húsið í heilu lagi um 70 metra og niður í fjöru. Það kviknaði í húsinu og ekkert nýtilegt varð eftir. Átta manneskjur voru í húsinu og björguðust sex þeirra út, en tvær stúlkur létu lífið. Einn piltur meiddist talsvert á handlegg og viðbeinsbrotnaði. Flóðið var um 250m breitt og braut það gafi á fjárhúsi nokkru utar en Sólgerði. Ellefu kindur drápuðust, en ellefu náðust lifandi (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Stakkanes, kort 5

Örnefnið Stakkanes var notað yfir svæðið sem nú er milli áhaldahússins og malarvallarins. Þar var hjáleigan Stakkanes í hlíðinni. Við sjóinn innan við hjáleiguna, á hinu eiginlega Stakkanesi, byggðist upp athafnasvæði á fyrsta og öðrum áratugi þessarar aldar. Á athafnasvæðinu voru verksmiðjur og margir litlir skúrar. Þetta var allt rífið á sjöunda og áttunda áratugi aldarinnar.

Síldarsöltunarstöð, **harðfiskvinnsla**, kort 5
Byggingarár: 1916

Athugasemdir: Jóhann J. Eyfirðingur reisti söltunarstöðina, sem varð með hinum stærstu í bænum. Harðfiskvinnsla, sem sett var síðar á laggirnar hefur líklega verið í sama húsnæði, a.m.k. að hluta til (J.Þ.Þ. II, '86, O.P., '98).

Fiskvinnsla Ingvars Péturssonar, kort 5
Byggingarár: um 1929

Athugasemdir: Ingvar Pétursson átti líka íbúðarhús á Stakkanesi. Samkvæmt fasteignamati frá 1930 var það hús byggt árið 1917 „að nokkru úr gömlu húsi“. Það eru sennilega leyfarnar af gamla Stakkanesi.

Olíustöð Shell, kort 5
Byggingarár: 1927

Örlög: Olúgeymarnir voru fluttir yfir Pollinn í Mjósundin árið 1943, þar sem félagið fékk þá aðstöðu (J.Þ.Þ.,IV, '90).

Athugasemdir: Árið 1930 voru þarna hráolíu- og Steinolíugeymar ásamt smurólíuskúr.

***Seljalandsvegur 72**, kort 5
Byggingarár: 1943

Athugasemdir: Þann 4. nóvember árið 1965 féllu að minnsta kosti 5–6 skriður við Stakkaneishrygg. Byggingum við Miðtún, Sætún og Seljaland stafaði hættu af skriðunum. Ein skriðan féll á steinsteyptan bílskúr fyrir tvo vörubíla og braut hann niður. Bílskúrin var innan við hús nr. 72 við Seljalandsveg (O.J. og H.G.P., '92).

***Miðtún 29**, kort 5

Byggingarár: 1960

Athugasemdir: Þann 4. nóvember árið 1965, féll skriða sem stefndi á íbúðarhúsið að Miðtúni 29. Verkstjóri bæjarins, Oddur Pétursson var þarna staddur. Hann greip til jarðýtu er þarna stóð og tókst með henni að bægra skriðunni frá húsinu og verja það stóráföllum. Mikið af aur og grjóti barst þarna fram umhverfis íbúðarhúsin (Ó.J. og H.G.P., '92).

Stakkanes, kort 5, (Staðsetning skv. O.P. '98)

Byggingarár: Kemur fyrst fyrir í manntali 1790

Örlög: Rífið árið 1980

Athugasemdir: Stakkanes var hjáleiga frá Eyri og var hún undantekningalítið í byggð fram til 1896, og oft var tvíþýlt. Árið 1896 keypti Ísafjarðarkaupstaður Stakkanes og notuðu kaupstaðarbúar landið til slæгна og beitar fyrir búfénað sinn (J.Þ.Þ.,II, '86).

Útihús frá Stakkanesi, kort 5

Athugasemdir: Ofan við íbúðarhúsin voru útihús. Þau grotnuðu smám saman niður og eru nú að mestu leyti horfin. Einhverjir veggir standa þó enn (O.P. '98).

Íbúðarhús við Seljalandsveg 58, kort 5

Byggingarár: 1927

Örlög: Rífið um 1977

Íbúðarhús við malarvöll, kort 5 og 6

Byggingarár: 1940

Örlög: Rífið árið 1965

Hlíðin, kort 6

Hlíðin, nefnist bæjarhlutinn sunnan (innan) við eyrina. Þegar manntal var tekið árið 1870 var engin íbúðabyggð í Hlíðinni né inn með firðinum nema á Stakkanesi og Seljalandi. Byggðin þar virðist hafa tekið að myndast á síðasta áratugi 19. aldar, en í manntali árið 1901 voru allnokkur hús í Hlíðinni. Á næstu tveimur áratugum fjölgaði húsum í Hlíðinni smám saman, en þau voru mjög misjöfn að stærð og gerð. Um 1920 var byggðin í Hlíðinni orðin allþétt en afmarkaðist af svæðinu frá núverandi Urðarvegi og inn með Seljalandsvegi, nokkurn veginn þangað sem Engjavegur og Seljalandsvegur mætast nú (J.Þ.Þ. II, '86).

Hlíðin, frh.

Hraunprýði, kort 6

Byggingarár: 1928 (1912?)

Athugasemdir: Hraunprýði var bakhús við Sjónarhæð. Upphaflega var húsið fjós og hlaða tilheyrandi Sjónarhæð, en var síðar byggt upp sem íbúðarhús. Í fasteignamati frá 1970 koma fram tvö byggingarár; 1928 og 1912. Hugsast gæti því að útihús hafi verið komin á þennan stað þegar árið 1912, en þeim hafi verið breytt í íbúðarhús árið 1928. Ofan við Hraunprýði voru nokkrir kofar sem gera má ráð fyrir að hafi verið útihús frá Hraunprýði. Þeir hafa líklega verið reistir eftir 1928.

Lækur, kort 6

Byggingarár: 1917

Örlög: Rifinn 1970

Hlíðarhús, kort 6

Byggingarár: 1917

Örlög: Rifid 1970

Athugasemdir: Hlíðarhús voru í raun kofaþyrping. Árið 1920 voru sjö heimili í Hlíðarhúsum, og í bakhúsi bjuggu fimm menn til viðbótar (J.Þ.Þ.,IV, '90).

Sólhjalli, kort 6

Byggingarár: Um 1920

Örlög: Rifid fyrir meira en 30 árum.

Hugsanlega eru um 50 ár síðan húsið var rifid.

Kofinn, innan við Sigurhæðir, kort 6

Byggingarár: Ekki vitað en líklega stuttu eftir að Sigurhæðir voru reistar

Örlög: Rifid ?

Sigurhæðir, utanvert við Urðarveg, ofan

Hlíðarenda, kort 6

Byggingarár: 1910–20

Athugasemdir: Húsið stendur enn, þótt ekki sé búið í því lengur.

Torfnes, kort 6

*Sóttvarnarhúsið á Torfnesi (Sólbyrgi) var fyrsta skipulagða byggðin ofan við Eyrartúnið. Það var reist um 1904. Torfnesið varð fljótlega mikið athafnasvæði. Þar voru saltfiskreitar í byrjun aldarinnar. Trésmíðaverkstæðið Víkingur kom um 1907 og árið 1916 var reist á Torfnesinu stærsta síldarplan bæjarins (J.Þ.Þ.,III,'88). Í húsakynnum gamla Víkings var síðar margs konar starfsemi, og fleiri byggingar risu þar í kring. **Flestar byggingar á Torfnesi voru rifnar á 8. og 9. áratugnum**, og ný hús reist í staðinn næstu ár á eftir (O.P., '98). Núna er íþróttahús, Framhaldsskóli Vestfjarða, íbúðir aldraðra og Fjórðungssjúkrahús Vestfjarða á svæðinu þar sem áður var Torfnes.*

Haugesunds trankompani, kort 6, nákvæm staðsetning ekki þekkt

Byggingarár: 1882

Örlög: Flutt 1886

Athugasemdir: Árið 1882 tók A. Hansen lóð á leigu á Torfnesi fyrir fyrirtækið „Haugesunds trankompani“ sem var í eigu Norðmanna, og reisti þar íbúðarhús og lýsisbræðslu. Fyrirtækið átti húsin á Torfnesi til ársins 1886, en þá keypti Þorvaldur Jónsson héraðslæknir íbúðarhúsið sem hann flutti út í Mjallargötu og hafði þar fyrir bókabúð og lyfsölu. Sama ár keypti Ásgeirsverslun lýsisbræðsluna og flutti niður í Neðstakaupstað, þar sem hún var notuð lengi. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á Torfnesinu þessar byggingar voru.

Áhaldahús bæjarins, kort 6

Byggingarár: 1956

Örlög: Rifid stuttu fyrir 1990.

Torfnes, kort 6

Byggingarár: Fyrst nefnt í manntölum árið 1901.

Örlög: Rifid 1989

Athugasemdir: Sigmundur Guðmundsson bjó síðast í húsinu, en líklega hefur hann endurbyggt það alveg árið 1933.

Skipasmíðastöð og dráttarbraut, **slippur, kort 6**

Byggingarár: 1917

Örlög: Rifid á 8. eða 9. áratugi aldarinnar.

Sóttvarnarhúsið, **Sólbyrgi, Franski spítalinn, kort 6**

Byggingarár: 1904

Örlög: Rifid á 8. eða 9. áratugi aldarinnar.

Athugasemdir: Húsið var alla tíð íbúðarhús.

Torfnes, frh.

Víkingur, kort 6

Byggingarár: 1907

Örlög: Rifið á 8. eða 9. áratugi aldarinnar.

Athugasemdir: Húsið var upphaflega trésmiðja, en síðar fiski- og síldarmjölsværksmiðja.

Trésmiðaverkstæði og járnsmiðaverkstæði, kort 6

Byggingarár: 1924

Örlög: Rifið á 8. eða 9. áratugi aldarinnar.

Athugasemdir: Verkstæðin voru í eigu M. Bernharðsson skipasmíðastöðvar árið 1970 skv. fasteignamati. Líklega var þetta nálægt, eða jafnvel viðbygging við Víking (O.P. '98).

Bogaskemma, kort 6, sennilega við Víking

Byggingarár: 1947

Örlög: Rifin 1992

Eigandi: M. Bernharðsson skipasmíðastöð 1970.

Mjölverksmiðja, kort 6

Byggingarár: 1959

Örlög: Rifin 1977

Verksmiðja Fiskimjöls hf., kort 6

Byggingarár: 1904

Örlög: Rifin 1977

Athugasemdir: Líklega var þetta hús næst ofan við Víking.

Mjölgeymsla Fiskimjöls hf., kort 6

Byggingarár: 1934

Örlög: Rifin 1986

Athugasemdir: Sennilega sambyggt, eða mjög nálægt verksmiðju Fiskimjöls hf.

Olís, söluskáli, kort 6

Byggingarár: 1967

Örlög: Fluttur niður í Mjósund árið 1975

Eyrartún, kort 7

Eyrartún er svæðið efst á Eyrinni, í kringum gamla sjúkrahúsið. Kaupstaðurinn keypti jörðina árið 1872

Eyri, kort 7

Byggingarár: Lögbyli

Örlög: Kaupstaðurinn keypti jörðina árið 1872

Athugasemdir: Eyri er talin vera landnámsjörð sem þýðir að hún hefur byggst á tíundu öld. Kirkja var komin á Eyri a.m.k. árið 1333 og eignaðist hún jörðina á næstu árum eftir 1363. Bæjarhúsin stóðu nokkurn veginn á sömu slóðum og dagheimilið nú, og kirkjan var þar skammt frá (J.Þ.Þ.,I,'84). Árið 1872 keypti kaupstaðurinn jörðina og stækkaði kaupstaðarlandið þá til muna (J.Þ.Þ.,II,'86).

Staðarhóll, kort 7, nákvæm staðsetning ekki þekkt

Byggingarár: Fyrst getið í manntölum 1790

Örlög: Árið 1816 var Staðarhóll ekki lengur í byggð.

Athugasemdir: Ekki er vitað hvar bærinn stóð, en hann virðist hafa verið fyrir ofan og utan Eyri. Hann er ekki merktur á kort.

Krókur, kort 7 og 8

Byggðin úti í Krók tók að myndast þegar á 8. áratugi 19. aldar, en fyrsta húsið í Króknum var Gildrunesbærinn sem reistur var um 1876. Íbúar í Króknum voru allir í hópi þeirra sem minna máttu sín í efnalegu tilliti a.m.k. Við manntal árið 1920 voru 13 íbúðarhús í Króknum og í þeim samtals 23 íbúar. Erfitt er að henda reiður á sögu einstakra húsa í Króknum og því er þeim ekki öllum gerð skil hér í húsalistanum. Mörg húsanna má sjá á korti 4.

Grund, kort 7

Byggingarár: 1917

Örlög: Rifin 1979

Athugasemdir: Í fasteignamati frá 1930 er sagt að Grund sé byggð árið 1917 úr gömlum húsum.

Vallarborg, kort 7

Byggingarár: 1920

Örlög: Rifin 1981

Athugasemdir: Vallarborg var reist á Hrossatoðsvöllum handa nauðstöddu fólki á árum fyrri heimstyrjaldar. Þar voru 12 heimili árið 1920 með samtals 81 íbúa (J.Þ.Þ.,III,'88).

Krókur, kort 7

Byggingarár: Um 1878

Örlög: Rifinn 1945–50

Krókur, frh.

Fjánhúshahverfi, kort 7

Byggingarár: Á þessu svæði hafa verið fjárhús a.m.k. frá byrjun aldarinnar. Ekki er vitað hvenær hvert fjárhús var byggt, en ártölin á kortinu segja til um frá hvaða ári elstu kortin eru sem viðkomandi fjárhús er merkt inná. Um er að ræða þrjú kort, frá 1923, 1950 og 1966.
Örlög: Síðustu fjárhúsin voru rifin um svipað leyti og húsin ofan við Hjallaveg voru byggð, eða í byrjun 8. áratugarins.

Gildrunes, kort 7

Byggingarár: 1876

Örlög: ?

Slunkaríki, Sólonskot, ekki á korti

Byggingarár: 1896

Örlög: Rifið 1940

Athugasemdir: Slunkaríki var nálægt Króknum, en ekki er vitað nákvæmlega hvar.

***Hnífsdalsvegur 35, kort 8**

Byggingarár: 1931

Athugasemdir: Þann 5. nóvember árið 1965 féll skriða úr Eyrarlandshlíðinni og lenti á húsinu nr. 35 við Hnífsdalsveg. Hjónin sem bjuggu í húsinu voru stödd í eldhúsi er skriðan féll. Braut hún vegginn þar sem svefnherbergið var og hlóð grjóti umhverfis húsið (Ó.J. og H.G.P., '92).

Hnífsdalsþorp, kort 9 og 10

***Eggver sf., Fiskvinnslan Leiti, kort 9**

Byggingarár: 1958

Athugasemdir: Þann 30. desember árið 1983 braut snjóflóð tvo glugga hjá Eggveri og rann snjór inn í geymslupláss. Flóðið féll einnig á Dalbraut 9 (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

***Dalbraut 9, kort 9**

Byggingarár: 1969

Athugasemdir: Þann 30. desember árið 1983 féll flóð úr Bakkahyrnu og braut upp hurð á húsinu og fyllti geymslu og þvottahús. Sama flóð olli skemmdum á Fiskvinnslunni Eggveri (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Stekkur, kort 9

Athugasemdir: Á Stekkjum, þar sem Rækjuverksmiðjan er núna stóðu mörg hús, bæði íbúðar- og iðnaðarhús, áður fyrr (K.P.K. '98). Ekki er gerð grein fyrir öllum þeim húsum hér. A.m.k. eitt hús sem stóð á Stekkjunum var byggt árið 1885 (Fasteignamat, '30). Sennilega hefur verið risið heilt hverfi á þessu svæði um síðustu aldamót.

Stekkjahús, kort 9

Byggingarár: Um eða fyrir aldamót

Örlög: Brann u.þ.b. 1962

Athugasemdir: Sigurður Þorvarðarson og börn brunnu inni í húsinu. Margir kofar voru í kringum húsið (K.P.K. '98).

Fjánhús Guðmundar Sveinssonar, kort 10

Athugasemdir: Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um byggingarár eða örlög þessara fjárhúsa.

***Smárateigur og Fitjateigur, Teigahverfi,**

kort 10

Athugasemdir: Húsin við þessar götur voru byggð í kringum 1980. Þau voru keypt upp fyrir nokkrum árum vegna snjóflóðahættu og standa auð yfir vetrartímann. Sum hafa verið flutt burt.

Þann 21. febrúar 1999 féll snjóflóð úr Traðargili, sem náði niður í Teigahverfi. Það fór yfir grunninn á húsi númer 6 við Fitjateig, en húsið sjálft hafði verið flutt burt. Flóðið olli tjóni á vinnuskúr og rúður í bílskúr við Fitjateig 4 brotnuðu (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '99).

Breiðaból, Strandgata 19a, kort 10

Byggingarár: 1890

Örlög: Rifið 1997

Athugasemdir: Strandgata 17, 19 og 19a voru öll rifin árið 1997, en húsin voru keypt upp vegna snjóflóðahættu (K.P.K., '98).

***Fjánhús Magnúsar Hákonarsonar, kort 10**

Byggingarár: Fjánhúsin voru gömul, líklega frá aldamótum eða fyrr (O.P., '98).

Örlög: Fóru í snjóflóði árið 1947

Athugasemdir: Fjánhúsin tilheyrðu Heimabæ (O.P., '98). Snjóflóð úr Traðargili, sem féll þann 24. mars 1947, braut aðra hlið fjárhúsanna. Í húsunum var um 80 fjár en aðeins fimm kindur drápust (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Hnífsdalsporp frh.

***Neðri-Hnífsdalur, Heimabær, Skemmur,**
Heimabæjarstígur 1, kort 10

Byggingarár: Lögbýli

Örlög: ?

Athugasemdir: Neðri-Hnífsdalur kemur fyrst við sögu í skjallegum heimildum árið 1562, en þá var jörðin seld. Er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð árið 1710 voru tvær hjáleigur, Búð og Hraun, frá Neðri-Hnífsdal. Þær urðu báðar sjálfstæð býli um eða fyrir aldamótin 1800. Í Jarðabókinni er einnig sagt að áður hafi verið þrjár vermannabúðir þar, en voru árið 1710 allar í eyði. Hinar fornu verstöðvar úti á Óshlíðinni voru mikil hlunnindi, þótt grjóthrun og skriðuföll gerðu þar tíðum mikinn usla. Hnífsdalsbæirnir tveir, Fremri- og Neðri-Hnífsdalur voru elstir bæja í dalnum og má telja víst að Neðri-Hnífsdalur hafi jafnan verið höfuðból. Neðri-Hnífsdalsbærinn stóð utanvert í dalnum undir hlíðum Búðarhyrnu nokkurn veginn á sama stað og Heimabær síðar (J.Þ.Þ., I, '84). Gamli Heimabærinn stóð líklegast á svipuðum stað og þar sem síðar var Heimabæjarstígur 1.

Oft voru þrjú heimili í Neðri-Hnífsdal. Árið 1901 var búið að breyta nafninu í Heimabæ og voru þá ennþá þrjú heimili þar. Ekki er ljóst hvenær og hvers vegna nafninu var breytt, en líklegast er að þegar fólki tók að fjölga til muna í Hnífsdal undir aldamótin og ný íbúðarhús risu í landi Neðri-Hnífsdals hafi almennt verið tekið að nefna þau hús sem fyrir voru á jörðinni Heimabæ til aðgreiningar frá nýrri bústöðum í landareigninni.

Jón Pálsson mun hafa búið uppúr aldamótum í húsinu sem síðar var nefnt „Skemmur“ í daglegur tali, en var gamli Heimabæjarbærinn (J.Þ.Þ., III, '88).

Þann 24. mars 1947 féll snjóflóð úr Traðargili. Það olli nokkrum skemmdum, m.a. á reykhusi og eldiviðarskúr, er stóðu rétt ofan við Heimabæ. Það braut líka hurð á fjósi og hesthusi, en ekki er vitað nákvæmlega hvar þau hús stóðu. Flóðið snerti hins vegar ekki íbúðarhúsið.

***Heimabæjarstígur 4 og 5, kort 10**

Byggingarár: 1909

Athugasemdir: Þeir Halldór og Jóakim Pálssynir reistu nýtt íbúðarhús að Heimabæ árið 1909. Það hús slapp að mestu við snjóflóðið mikla árið 1910 en flóðið fór svo nærri húsinu að það fór alveg yfir steinsteypt fjós sem stóð rétt við húsið. Þann 8. febrúar árið 1916 féll annað snjóflóð í Hnífsdal á sama svæði og flóðið 1910, en náði þó lengra inn eftir. Það fór á íbúðar- og útihús Heimabæjarbræðra, skekkti íbúðarhúsið á grunni og drap búfénað, en varð ekki mannskætt (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Frá árinu 1997 hafa öll Heimabæjarhúsin staðið auð (K.Þ.K., '98).

Pálshús, Heimabæjarstígur 2, kort 10

Byggingarár: 1897

Athugasemdir: Húsið stendur nú autt.

***Heimabæjarstígur 3, kort 10**

Byggingarár: Skömmu eftir aldamót.

Athugasemdir: Valdimar Þorvarðsson reisti sér nýtt íbúðarhús á jörðinni skömmu eftir aldamót. Árið 1920 var hús Valdimars ekki lengur kennt við Heimabæ heldur aðeins við eiganda sinn (J.Þ.Þ., III, '88). Húsið stendur nú autt eins og önnur hús við Heimabæjarstíg.

Þann 21. febrúar 1999 féll snjóflóð upp að húsinu, án þess þó að valda skemmdum (Ó.P., *snjóflóðaskýrsla*, '99).

Minkagirðing og hús, kort 10

Byggingarár: Um 1940

Örlög: Fór í snjóflóði árið 1947

Athugasemdir: Þann 24. mars 1947 féll snjóflóð úr Traðargili sem m.a. braut minkagirðingu, eign Halldórs Halldórssonar bankastjóra. Fundust dýrin lifandi í búrunum en geymsluhús er búinu fylgdi eyðilagðist (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

Hnífsdalsþorp, frh.

***Búðarhverfi, Búðarsvæði, kort 10**

Athugasemdir: Á þessu svæði stóð hjáleigan Búð, nokkrar verbúðir og útihús. Um Búð er fjallað hér á eftir. Snjóflóð féll yfir svæðið þann 18. febrúar árið 1910, og fórust tuttugu manns. Flestir þeirra sem fórust eða lentu í snjóflóðinu voru inni í húsunum, sem flóðið lenti á. Inn og niður af Búðarbænum stóð verbúð og áfast bátabyrgi og saltskúr. Þetta gereyddist allt og létust fjórir af sex, sem voru þar inni. Næsta verbúð innan við var nefnd Hraunsbúð. Á neðri hæðinni voru níu manns þegar snjóflóðið reið yfir og af þeim fórust átta. Af þeim sex sem voru á efri hæðinni fórust þrír. Snjóflóðið olli einnig skemmdum á annari verbúð, bátaskýli, hjöllum og hlöðum (Ó.J. o.fl., '92, J.G.E. og Ó.K., '89).

***Búð, kort 10**

Byggingarár: Hjáleiga frá Neðri-Hnífsdal
Örlög: Fór í snjóflóði árið 1673, reist aftur sennilega á sama stað. Fór aftur í snjóflóði árið 1910. Eftir það var hún reist að nýju, en á öðrum stað.

Athugasemdir: Búð var hjáleiga frá höfuðbólinu Neðri-Hnífsdal framan af öldum. Munu Búðarbændur jafnan hafa lifað nær eingöngu af sjávargagni, og nafn býlisins bendir til þess að þar hafi í upphafi staðið sjóbúð þar sem búðsetufólk hafi hafst við (J.Þ.Þ., I, '84)..

Árið 1673 fór Búðarbærinn í snjóflóði. Í Eyrarannál er sagt svo frá því: „Í Hnífsdal tók af hjáleigu, er Búð hét, með öllu því þar var í, að fráteknum mönnum, hverjir fyrir guðlega hjálp sér björguðu undir einum skúta, er af baðstofunni eftir stóð. Nautum varð og bjargað, en hey tók öll ofan að garðsveggjum. Svo og einninn tók sama skriða alla ábúendanna hjalla með fiski, utan einn, og flutti mest allt út á sjó...“ Ekki verður séð að Búðarbærinn hafi verið færður úr stað eftir þetta (Ó.J. o.fl. '92)..

Búð tók aftur af í snjóflóðinu mikla 18. feb. 1910. Það féll nánast beint á bæinn. Fólkið í bænum bjargaðist með naumindum en margt af því töluvert meitt. Íbúðarhúsið eyðilagðist sem og fjós er stóð ofanvert við bæinn. Fjárhúshlaða sem var þar uppi á túninu fór en fjárhús er stóð áfast við hlöðuna stóðst þó ósköpin (Ó.J. o.fl. '92).

Eftir þennan voðaatburð var Búð byggð upp að nýju, og reisti Hálfán þá myndarlegt timburhús sem stóð nokkru utar og neðar en gamli bærinn. Sú staðsetning er sýnd á kortinu. Hin nýja Búð slapp alveg við snjóflóðið 1916 en það féll á svipuðum slóðum og hið fyrra, þó lítið eitt innar (J.Þ.Þ., III, '88).

Torfbær Sigríðar, Sigríðarbúð, kort 10

Byggingarár: Um 1910

Athugasemdir: Sigríður bjó eftir snjóflóðið ásamt Ásgeiri syni sínum í svonefndri Sigríðarbúð, sem stóð rétt utan við Búðarvör (J.Þ.Þ., III, '88).

Hnífsdalsþorp, frh.

***Skúr við skíðalyftu**

Byggingarár: ?

Athugasemdir: Þann 27. janúar 1990 féll snjóflóð úr Búðargili sem braut skúr við endastöð skíðalyftu.

Fiskverkun Hálfðáns, kort 10

Byggingarár: Ekki þekkt, en sennilega 1910 eða upp úr því.

Örlög: ?

Athugasemdir: Hálfðán Hálfðánarson úr Búð var mikill athafnamaður og átti verslanir og fiskverkanir hér og þar í Hnífsdal (K.Þ.K., '98).

***Hesthús á Búðartúni, kort 10**

Byggingarár: 1983

Athugasemdir: Þann 21. febrúar 1999 féll snjóflóð úr Búðargili sem braut gafl á innsta hesthúsinu (O.P., *snjóflóðaskýrsla*, '99).

Hnífsdalur innan við þorpið, kort 11

Bakki, kort 11

Byggingarár: Lögbýli

Örlög: Fór í eyði eftir 1950

Athugasemdir: Þorvarður Sigurðsson og Elísabet Kjartansdóttir fluttust að Bakka árið 1863 og bjuggu þar til 1895. Synir þeirra áttu mikinn þátt í vexti og viðgangi Hnífsdals um og upp úr aldamótum. Jónas Marías Þorvarðarson og Guðný Jónsdóttir bjuggu á Bakka til 1945. Árið 1898 reif Jónas gamla torfbæinn á Bakka og reisti í hans stað myndarlegt timburhús.

Jónas rak verslun og útgerð og var aðstaða hans hjá Innstubbúð sem var innst verbúða í Hnífsdal, innundir Gjögurum. Fiskireitir lágu að Innstubbúð og rétt fyrir utan reitina var verslunarhúsið (J.Þ.Þ., II, '86).

Hraun, kort 11

Byggingarár: Hjáleiga frá Neðri-Hnífsdal. Bæjarins er getið í manntalinu frá árinu 1703.

Athugasemdir: Hraun stendur beint undir Hraungili og hafa fallið snjóflóð úr því sitt hvorum megin við bæinn, án þess að snerta íbúðarhúsið.

***Augnavellir, kort 11**

Byggingarár: um 1793

Örlög: Fóru í eyði árið 1836

Athugasemdir: Augnavellir voru hjáleiga frá Neðri-Hnífsdal. Þeir stóðu góðan spöl fyrir innan Hraun. Upp af þeim, og þó litlu innan, er skál í fjallinu sem heitir Lambaskál. Enn sér móta fyrir grasi grónum tóttum þar sem bæjarhúsin stóðu (J.Þ.Þ., I, '84).

Aðfaranótt 20. mars árið 1818 féll snjóskriða á bæinn þar sem 9 manneskjur voru inni. Flóðið tók nokkuð af baðstofunni með sér, en braut hitt niður ofaná fólkið, sem lá grafið undir kofanum og snjó í 3–4 sólarhringa áður en menn af næsta bæ, Hrauni, uppgötvuðu hvað gerst hafði. Tvö börn fórust sem og einn vinnumaður og eitt gamalmenni, en aðrir lifðu þetta af. Vorið eftir reisti Bjarni bóndi bæ sinn að nýju og bjó þar í mörg ár. En hann hrapaði til bana árið 1836 og eftir það hefur aldrei verið búið þar. Ekkert minnir nú lengur á búsetu fólks á Augnavöllum (J.Þ.Þ., I, '84).

Fremri-Hnífsdalur, ekki á korti

Byggingarár: Lögbýli, kemur fyrst fram í heimildum árið 1566, en þá var gerður jarðaskiptasamningur (J.Þ.Þ., I, '84).

Örlög: Jörðin fór í eyði árið 1937 (M.S., '94).

Athugasemdir: Fremri Hnífsdalur var í Hnífsdalnum, um 3–4 km innan við þorpið (O.P., '98). Kortið nær ekki svo langt. Þrjú býli voru skráð árið 1930 að Fremri-Hnífsdal (M.S., '94).

Húsanafnaskrá

- Áhaldahús bæjarins, 17
Árbær, 12
Augnavellir, 22
Bakki, 22
Bogaskemma, 18
Bótukofi, 15
Breiðaból, 19
Búð, 21
Búðarhverfi, 21
Búðarsvæði, 21
Bústaður M. Simsons, 13
Dalbraut 9, 19
Dráttarbraut, 17
Efri-Grænigarður, 15
Efri-Tunga, 12
Eggver S/F, 19
Engidalur, 12
Eyrartún, 18
Eyri, 18
Fagrihvammur, 12
Fiskverkun Hálfðans, 22
Fiskvinnsla Ingvars Péturssonar, 16
Fiskvinnslan Leiti, 19
Fitjateigur, 19
Fjánhús, 14,15
Fjánhús Guðmundar Sveinssonar, 19
Fjánhús Magnúsar Hákonarsonar, 19
Fjánhús ofan við Stekkjanes, 14
Fjánhúshverfi, 19
Fjarrétt við Grænagarð, 15
Fossar, 12
Fossárvirkjun, 12
Franski spítalinn, 17
Fremri-Hnífsdalur, 22
Funi, 12
Gamli-Grænigarður, 15
Gildrunes, 19
Góustaðir, 12
Grund, 18
Grútur, 11
Grænigarður, 15
Hafrafell, 12
Harðfiskvinnsla, 16
Haugesunds trankompani, 17
Heimabæjarstígur 2, 20
Heimabæjarstígur 3, , 20
Heimabæjarstígur 4 og 5, 20
Heimabær, 20
Hesthús á Búðatúni, 22
Hlíðarhús, 17
Hnífsdalsvegur 35, 19
Hraun, 22
Hraunprýði, 17
Höfði, 11
Íbúðarhús við malarvöll, 16
Íbúðarhús við Seljalandsveg 58, 16
Járnsmiðaverkstæði, 18
Karlsá, 14
Kirkjuból, 11
Kirkjubær, 11
Kjarrholt 4, 12
Kofar, 14
Kofinn, 17
Kolfinnustaðir, 13
Kornustaðir, 13
Krakkakofi, 13
Krókur, 18
Loftsborg, 12
Lyftuhús, 13
Lyftur á skíðasvæðinu Seljalandsdal, 13
Lækur, 17
Miðtún 29, 16
Minkagirðing og hús, 20
Mjölgeymsla Fiskimjöls Hf, 18
Mjölverksmiðja, 18
Naust, 11
Neðri-Grænigarður, 15
Neðri-Hnífsdalur, 20
Neðri-Tunga, 12
Netagerðin, 15
Olís, söluskáli, 18
Olústöð Shell, 16
Pálshús, 20
Seljabrekka, 11
Seljaland, 14
Seljlandsvegur 58, 16
Seljalandsvegur 72, 16
Shell, 16
Siggakofi, 13
Sigríðarbúð, 21
Sigurhæðir, 17
Simson (bústaður), 13
Síldarplan, 14
Síldarsöltunarstöð, 16
Síldarverksmiðja, 15
Skáli Skíðafélags Ísafjarðar, 13
Skátaskáli, 13
Skemmur, 20
Skipasmíðastöð, 17
Skíðheimar I, 13
Skíðheimar II, 13
Skúr við skíðalyftu, 22
Slippur, 17
Slunkaríki, 19
Smárateigur, 19
Sólbyrgi, 17
Sólgerði, 15
Sólhjalli, 17
Sólonskot, 19
Sóttvarnarhúsið, 17
Staðarhóll, 18
Steiniðjan, 15
Stakkanes, 16
Stekkjanes, 13, 14
Stekkjahús, 19
Stekkur, 19
Strandgata 19a, 19
Sumarbústaðir, 12, 14
Sumarbústaðir í Tungudal, 13
Sumarbústaðir ofan við Stekkjanes, 14
Teigahverfi, 19
Torfbær Sigríðar, 21
Torfnes, 17
Trésmíðaverkstæði, 18
Tunga, 12
Tveir kofar utan við Karlsá, 14
Úlfsá, 12
Útihús frá Stakkanesi, 16
Vallarborg, 18
Verksmiðja Fiskimjöls Hf., 18
Víkingur, 18
Þrír sumarbústaðir milli Seljalands og Karlsá, 14
Þrír sumarbústaðir ofan Seljalands, 14

Heimildaskrá

Fasteignamat fyrir Eyrarhrepp, 1916.

Fasteignamat fyrir Ísafjörð og Eyrarhrepp, 1930.

Fasteignamat fyrir Ísafjörð, 1970.

Fasteignamat fyrir Ísafjörð, 1996.

Íslensku sjómælingarnar, 1966: *Vesturströnd Íslands, Skutulsfjörður*.

Jón Gunnar Egilsson og Óskar Knudsen, 1989. *Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, snjóflóðaskrá og snjóflóðakort*. Veðurstofa Íslands, snjóflóðavarnir, Reykjavík. 43 bls.

Jón Gunnar Egilsson, 1995: *Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal árin 1990 til 1994 með viðbót fyrir veturinn 1994-1995, snjóflóðaskrá og snjóflóðakort*. Veðurstofa Íslands, snjóflóðavarnir, Reykjavík. 18 bls.

Jón Gunnar Egilsson, *tilkynning um snjóflóð, '95*. Ótúgfnar snjóflóðaskýrslur flokkaðar eftir árum og geymdar á Veðurstofu Íslands.

Jón Gunnar Egilsson, 1999a: *Excel skrá yfir snjóflóð á byggð á Ísafirði 1994-1999, óúttekið*.

Jón Gunnar Egilsson, 1999b: *Nokkur kort af Hnífsdal, Gleiðarhjalla, Seljalandshlíð og Kubba með snjóflóðaútlínum*. Veðurstofa Íslands.

Jón Víðis og Guðmundur Halldórsson, 1922-23: *Uppdráttur af Ísafirði skv. mælingum og uppdrætti Jóns Víðis 1922-1923 og mælingu Guðmundar Halldórssonar 1958*.

Jón Víðis, 1922-23: *Skipulagsuppdráttur af Ísafirði*. Teiknistofa Skipulagsins.

Jón Þ. Þór, 1984: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps til forna. I: Fram til ársins 1866*. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði. 302 bls.

Jón Þ. Þór, 1986: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps til forna. II: Félags – og menningarsaga 1867–1920*. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði. 330 bls.

Jón Þ. Þór, 1988: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps til forna. III: Atvinnu- og hagsaga Ísafjarðarkaupstaðar 1867–1920. Eyrarhreppur 1867–1920*. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði. 275 bls.

Jón Þ. Þór, 1990: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps til forna. IV: 1921–1945*. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði. 379 bls.

Kristján Þór Kristjánsson Bakkavegi 15, Hnífsdal, munnlegar upplýsingar, 1998.

Landmælingar Íslands, 1950: *Loftmynd af Ísafirði, II-17, 5/6 '50*.


Martin Schuler, 1994: *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*. Landmælingar Íslands, Bygðastofnun, Hagstofa Íslands, Reykjavík. 306 bls.

Oddur Oddsson Tangagötu 15, Ísafirði, munnlegar upplýsingar, 1998.

Oddur Pétursson Seljalandsvegi 38, Ísafirði, munnlegar upplýsingar, 1998.

Oddur Pétursson Seljalandsvegi 38, Ísafirði, munnlegar upplýsingar, 1999.

- Oddur Pétursson, *snjóflóðaskýrslur*. Ótútefnar snjóflóðaskýrslur flokkaðar eftir árum og geymdar á Veðurstofu Íslands.
- Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson, 1992: *Skriðuföll og Snjóflóð*. Annað bindi, skriðuannáll. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík. 418 bls.
- Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992: *Skriðuföll og Snjóflóð*. Þriðja bindi, snjóflóðaannáll. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík. 480 bls.
- Páll Líndal, 1982: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag, Reykjavík. 432 bls.
- Rögnvaldur Ólafsson og Samúel Eggertsson, 1905, 1916 og 1918: *Ísafjörður eftir uppdrætti byggingameistara Rögnv. Ólafss. 1905. Viðbótamælingar eftir Samúel Eggertsson 1916 og 1918*.
- Teiknistofa Skipulagsins, 1968 og 1970: *Teikning eftir loftmynd, maí 1968. Breytt í ágúst 1970*.
- Teiknistofa Skipulagsins, 1970: *Ísafjörður, aðalskipulag*.



FLUGSTÖÐ
'60

FLUGVÖLLUR

SANDGEYMSLA
FLUGMÁLASTJÓRNAR
ca. '72

VITAHÚS

(NAUST)

1880 - 1955


KALDAEYRI

(GRÖTUR HF)

'10-'36

ÍSAFJARDARKAUPSTAÐUR

ÍSAFJÖRÐUR 1:7500
BYGGINGARÁR OG NÖFV HÚSA, KORT 1
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.



ENGIDALUR

KIRKJUGARÐUR

ca. '73 KAPELLA

(KIRKJUBÓL) *

LÖGBÝLI - 1982

FUNI * '93

GRUND '32 (SUMARBÚST.)

(HÖFDI) <'10-'20

KIRKJUBÆR 1898

HESTHÚS '86


EFRI-ENGIDALUR LÖGBÝLI

NEDRI-ENGIDALUR

HAFRAFELL LÖGBÝLI

← FOSSAR LÖGBÝLI

ÍSAFJÖRÐUR 1:7500
BYGGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT Z
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.



ÍSAFJÖRÐUR 1:2000
 BYGGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 3
 VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.



VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN hf.
 VERKFRÆÐIRÁÐGJAFAR FRV

Ármiða 4	108 Reykjavík	Talstals 569 5000	Bréfastals 569 5010
Glerárgötu 30	600 Akureyri	482 2543	461 1190
Bjarnarbraut 8	310 Borgarnes	437 1317	437 1311
Hafnarstræti 1	400 Ísafjörður	456 3708	456 3965

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

ÍSAFJÖRÐUR
 HOLTÁHVERFI
 GÓTUHEITI OG HÚSNÚMER

Br.	Dags.	Eðli breytingar	Br.	Yf.	Sp.	Hannað FS	Teknað FS	Yfirforð	Smáþykkt	Dagsetning	Verk nr.
										DESEMBER 1995	95.2

VALHÖLL
SKÁTAHÚS
'29

TUNGUDALUR

SUMARBÚSTAÐUR
'28

BIRKILÍÐ*
ca.'32

(SKÁLI SKÍDAFÉLAGS
ÍSAFJARÐAR)*
'39-'53

(SKÁTASKÁLI)*
'88-'94

(LYFTUHÚS)*
'68-'94

SÍMABÚSTAÐUR*
'35

SKÍÐHEIMAR II
'54

SKÍÐHEIMAR I
'28-'40

BÚSTAÐUR
M. SIMÓNS
'26-'79

SÍGGAKOFI

KRAKKAKOFI
ca.'65

SUMARBÚSTAÐIR*
FLÉSTIR BYGGDIR '35-'45

(SUMARBÚSTAÐIR)*
ca.'35-'47

DYNGJA
SKÁTASEL
'75

BREÐRATUNGA

NEDRI-TUNGA
LÖGBÝLI

JELJALAND
LÖGBÝLI

SUMARBÚSTAÐIR
'55
ca.'32
ca.'55
ca.'32
ca.'40
'35

EFRI-TUNGA
<1900

VERSLUN
'76

STEEKJANES

(SUMARBÚSTAÐIR)
ca.'35-'70

(KARLSÁ)*
ca.'25-'47

(STEEKJANES)
1698-1735

FJARHÚS*

SUMARBÚSTAÐIR*
ca.'51

ÍSAFJÖRÐUR 1:7500
BYEGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 4
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.

BRÁUTARHOLT
'24

S.V.F.Í
'84

GRENIGARÐUR
(BÓTUKOFI)*
<1880

NETAGERÐ
'17

NEDRI-GRANIGARÐUR
(JÖLGERÐI)*
'18-'41


STEINIÐJAN*
ca.'52

(FJARHÚS)*

GRANIGARÐUR



STAKKANES



ÍSAFJÖRÐUR 1:2000
 BYGGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 5
 VEDURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.





VERKFRÉDISTOFA SIGURDAR THORODSEN hf.
 VERKFRÉDIRÁÐGGJAFAR FRV

Árnúla 4	108 Reykjavík	Talsíma	569 5000	Bréfasíma	569 5010
Glerárgötu 30	600 Akureyrir		462 2543		461 1190
Bjarnarbraut 8	310 Borgarnes		437 1317		437 1311
Hafnarstræti 1	400 Ísafjörður		456 3708		456 3965

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

ÍSAFJÖRÐUR
 SVEDI FRÁ ÍÞRÓTTAVELLI AD SKÍÐAVEGI
 GÖTUHEITI OG HÚSNÚMER

s.	Eðli breytingar	Br.	Yf.	Sp.	Hannað	Teknað	Yfirfarið	Samþykkt	Dagsetning	Verk nr.	Tekn. nr.
					FS	FS			DESEMBER 1995	95.224	1.03



ÍSAFJÖRÐUR 1:2000
 BYGGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 6
 VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.

VST VERKFREDISTOFA SIGURDAR THORODDSEN hf.
 VERKFREDIRÁÐGJAFAR FRY

Árnóla 4	108 Reykjavík	Talstms 569 5000
Gleringáta 30	600 Akureyrri	462 2543
Bjarnarbraut 8	310 Borgarnes	437 1317
Hafnarstræti 1	400 Ísafjörður	456 3708

Hannað Teknað Yfirfarð Sæþykkt




ÍSAFJÖRDUR 1:2000
 BYGGINGARAR OG NÖFN HÚSA, KORT 7
 VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.

VST VERKFREDISTOFA SIGURDAR THORODDSEN hf.
 VERKFREDIRÁDGJAFAR FRV

Árnala 4	108 Reykjavík	Telstaða 569 5000	Bæfastnað 569 5010
Glergötu 30	600 Akureyri	462 2543	461 1190
Bjarnarbrétt 8	310 Borgarnes	437 1317	437 1311
Hafnarstræti 1	400 Ísafjörður	466 3708	466 3965

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

ÍSAFJÖRDUR
 BYGGDIN OFAN EYRARINNAR
 GÓTUHEITI OG HÚSNÚMÉR



200

80

20

(HJALLUR)

GÖMUL FISKVINNSLA

'25

VESTFISKUR '34

'31*

ÁSGARÐUR '06

HNIÐSDALSVEGUR

(PÉTURSBORG)

HJALLAR
FRÁ 1930, JAFNVEL FYRR

'78


21

'79

23

13

ÍSAFJÖRÐUR 1:2000
BYGGINGARAR OG NÖFN HÚSA, KORT 8
VEDURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.




ÍSAFJÖRDUR 1:2000
 BYEGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 9
 VEDURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.

Hmifsdalur

VST VERKFREDIS
 VERKFREDIR

Árnúla 4	10
Glerárgata 30	60
Bjarnarbraut 8	31
Hafnarstræt 1	40

Br.	Dags.	Eðli breytingar	Br.	Yf.	Sp.	Horn	Tekni	Yfirfer
						FS	FS	




VERKFRÉDISTOFA SIGURDAR THORODDSEN hf.
VERKFRÉDIRÁDGJAFAR FRV

	Talsma	Bréfastma
Armála 4	108 Reykjavík	589 5000
Glengötu 30	600 Akureyri	462 2543
Bjarnarbraut 8	310 Borgarnes	437 1317
Hafnarstræti 1	400 Ísafjörður	466 3965

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

ÍSAFJÖRÐUR
HNÍFSDALUR
GÓTUHEITI OG HÚSNÚMER

ÍSAFJÖRÐUR 1:2000
BYGGINGARAR OG NÖFN HÚSA, KORT 10
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.



(AUGNAVELLIR*)

ca. 1793-1836

HRAUN
<1703

(BAKKI)

LÖGBYLI

HNIÐSDALUR

74 SORPBRENNSLAN
SKARFASKERI

HARÐFISKVERKUN
ÓSKARS FRÍÐGJARNARS.

61

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ H/F

ÍSAFJÖRÐUR 1: 7500
BYGGINGARÁR OG NÖFN HÚSA, KORT 11
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1998, H.G.